

Kiwanis

Ísland-Færeyjar

Skjálfandi

Eflum starf og vináttu

Heil og sæl. Þá er komið að svæðisráðsfundi, þá horfum við til baka og hvað höfum við verið að fást við. Af okkur Skjálfandafélögum er allt gott að fréttu, síðan í haust höfum við unnið eftir stefnu framtíðarnefndar. Sú nefnd var sett á laggirnar í haust og átti að koma með tillögur um framtíðarsýn Skjálfanda, undir vinnuheitinu hvert stefnir Skjálfandi. Nefndin skilaði af sér tilögum til stjórnar á fundi í nóvember sem í mjög stuttu máli gengur út á að kynna starf Kiwanishreyfingarnarinnar og þá hvað Skjálfandi gerir fyrir samfélagið okkar. Höfum við félagarnir lagt í mikla vinnu í kynningu og við höfum haldið tvo opna kynningarfundum sem um 60 manns hafa sótt. Við höfum fengið mikið umtal í bænum okkar og allt á jákvæðan hátt. Við erum í sambandi við nokkra vonandi verðandi félaga sem komið hafa á fundi með okkur. Ásamt því að við erum með nokkuð mörg nöfn tiltæk sem við sinnum seinna, ég ætla að leifa mér að fullyrða að þetta er aðeins byrjunin á þessu góða máli.

AF ÖÐRUM VERKEFNUM SKJÁLFANDA.

SKJÁLFANDAFÉLAGAR byrjuðu starfið með sameiginlegum stjórnarskiftafundi með HERÐUBREIÐ og ÖSKJU í Mývatnssveit. Við höfum unnið eftir okkar fundardagskrá það sem af er, er búið að halda 15 kiwanisfundum og 15 stjórnarfundum svo ekki sé talað um aðrar upptökur sem við höfum staðið fyrir og alla nefndarfundum sem ekki tölu verður á komandi. Fundar mæting er góð og léttleiki ráðandi á fundunum.

Styrkveitingar Skjálfanda sem af er starfsárinu eru 3.1 milljón.

Gaman er að segja frá því að unglingsráðgjafi okkur fer í sumarþing í Tékklandi

Að lokum má geta þess að stjórn Skjálfanda situr einnig næsta starfsár 2015-2016 að fírhirði undanskildum, er það mikilvægt að okkar mati og klúbbum til góða.

Forseti vill þakka Skjálfandafélögum og öðrum kiwanisfélögum samstarfið.

Benedikt Kristjánsson forseti Skjálfanda.